

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 146, 26. febrúar 2003,
um togveiðar á kolmunna 2003.

1. gr.

Í stað „318 þús. lestir“ í 2. málsl. 1. gr. komi: 547 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júlí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.